

Viðauki við skólasamning fyrir árin 2013 og 2014 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Menntaskólans á Ísafirði

A. Markmið

1. Hlutfall nýnema af norðanverðum Vestfjörðum haldist áfram hátt á samningstímanum og fari ekki undir 92%. Þessu markmiði verði náð með:
 - a. skipulögðum heimsóknnum grunnskólanema af svæðinu í MÍ á vorönnum 2013 og 2014.
 - b. Endurnýjun kynningarbæklings um skólann sem vistaður er á heimasíðunni.
2. Að hlutfall nemenda sem líður vel í skólanum verði ekki undir 80% á vorönn 2013 og ekki undir 85% á vorönn 2014. Að hlutfall þeirra nemenda sem hafa jákvætt viðhorf gagnvart skólanum fari ekki undir 85% frá vorönn 2014. Þessu markmiði verði náð með því að fylgja áfram áætlun um markvissa námsráðgjöf ásamt því að vinna áfram að bættum kennsluháttum og leiðsagnarmati í anda grunnþátta nýrrar aðalnámskrár.
3. Að brotthvarf nemenda úr skólanum á árunum 2013 og 2014 haldist áfram lágt og fari ekki upp fyrir 5% miðað við fjölda skráðra námseininga 15. október og 15. febrúar hvort ár. Þessu markmiði verði náð með því að sinna áfram markvissri námsráðgjöf og að í sem flestum áföngum verði leiðsagnarmat í kennslu.
4. Að auka vægi leiðsagnarmats í kennslu þannig að í öllum áföngum verði leiðsagnarmat frá og með vorönn 2014.
5. Að vinna áfram að gerð brauta- og áfangalýsingar í samræmi við aðalnámskrá 2011. Allar brautir verði með nýju sniði frá og með hausti 2015. Námsbrautir í tilraunakennslu verði jafnóðum settar í námskrárgrunn.
6. Að þróa stutta námsbraut í hlífðargassuðu í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða og 3X-Technology á Ísafirði. Kennsla á brautinni verði í boði frá og með skólaárinu 2013-2014.
7. Unnið verði áfram að þróun námsbrautar fyrir þá nemendur sem hafa ekki fullnægjandi árangur í kjarnagreinum.
8. Auka áfram námsframboð í sköpun og tæknigreinum á skólaárinu 2013-2014.
9. Að vinna að auknum gæðum kennslu með því að hvetja kennara til endurmenntunar. Stjórnendur munu hafa forystu um að halda endurmenntunarnámskeið í skólanum á hverri önn.

B. Tímabundin verkefni

1. Þróun framhaldsskólabrautar í samstafi við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Verkmenntaskóla Austurlands og Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum um námskrágerð og innleiðingu framhaldsskólalaganna. Styrkur að fjárhæð kr 1.580.000 veittur til að þróa framhaldsskólabraut í samstafi við fjóra framhaldsskóla. Styrkurinn er ætlaður til að skipuleggja nám í skóla og nám og þjálfun á vinnustað, vinna að námsefnisgerð og skrifa brautar og áfangalýsingar í námskrárgrunn ráðuneytisins. Greinargerð um verkefnið verður send ráðuneytinu fyrir 1. mars 2013.
2. Þróun námsbrautar í hlífðargassuðu. MÍ fékk í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða styrk að fjárhæð kr. 2.000.000 til að þróa námsbraut í hlífðargassuðu. Styrkurinn er ætlaður til að skipuleggja nám í skóla og þjálfun á vinnustað í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu, undirbúa fagtengt íslenskunám í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða og skrifa brautar- og áfangalýsingar í námskrárgrunn ráðuneytisins. Greinargerð um verkefnið verður send ráðuneytinu fyrir 1. mars 2013.
3. Menntaskólinn, ásamt Nýsköpunarmiðstöð Íslands, kemur að rekstri nýsköpunarsmiðju (Fab Lab) í húsnæði skólans og leggur m.a. til tækjabúnað og húsnæði. Samningur um þetta samstarf gildir til 1. maí 2014.

Ísafirði 18. febrúar 2013



Jón Reynir Sigurvinsson
Skólameistari
